

7. september 2021.

Blaðsíða | 1

Fræðsluráð Hafnarfjarðar.

MINNISBLAÐ – Upplestrarkeppni grunnskólanna í Hafnarfirði, mál 0810213

Samtökin Raddir hafa tilkynnt að þau hafi hætt að standa fyrir Stóru upplestrarkeppninni í grunnskólum á Íslandi frá og með skólaárinu 2021-2022 eftir 25 ára sögu keppinnar, sem hófst í Hafnarfirði á sínum tíma. Í því felst að hvert sveitarfélag þarf að halda keppnina á eigin vegum, vilji það halda keppninni áfram, mögulega þó í samstarfi við önnur sveitarfélög ef það á við (líkt og við á um smærri sveitarfélög). Sömuleiðis hættir ákveðin þjónusta sem tengdist keppninni, t.d. útgáfa lesefnis, útgáfa plakats og skjala og ákveðnar viðurkenningar eins og gjafir til keppenda á lokahátíð. Raddir bjóða þó áfram upp á námskeið í upplestri, aðgang að vef sínum (vistaður áfram hjá Hafnarfjarðarbæ), veitir sveitarfélögum ráðgjöf (greitt af MMR) og býður fram aðila í dómnefnd (formennska?) þar sem greiða þarf laun viðkomandi en ferðakostnaður er greiddur af Röddum.

Í Hafnarfirði hefur skrifstofa mennta- og lýðheilsusviðs búið sig undir að taka verkefnið í sínar hendur fyrir Hafnarfjörð. Ákveðið hefur verið að búa til stýrihóp um verkefnið og tengja það formlega og betur við læsisverkefni Hafnarfjarðar, LESTUR ER LÍFSINS LEIKUR, t.d. þannig að lógó þess verkefnis verði á öllum gögnum sem tengjast nýrri keppni. Stýrihópur verkefnisins (2 grunnskólastjórar, verkefnisstjóri læsis og þróunarfulltrúi grunnskóla sem stýrir hópnum) hefur hafið störf til að undirbúa þetta fyrsta ár verkefnisins í höndum Hafnarfjarðar. Þetta er í farvatninu hjá stýrihópnum:

- Hafnirska keppnin mun að mestu leyti byggja á þeim reglum og ferlum sem þegar eru til staðar frá Röddum, t.d. varðandi upphaf, vinnuferli og lokahátíð keppinnar í mars árlega. Þá verði einnig haldið áfram með smásagnasamkeppni 8.-10 bekkinga og samkeppni um boðskortsmynd á boðskort lokahátíðarinnar í mars 2021 í tengslum við keppnina.
- Tekið verður upp nýtt heiti á keppnina (er enn vinnuheiti): *Upplestrarkeppni 7. bekkinga í grunnskólum Hafnarfjarðar*. Samhliða því verði efnt til samkeppni núna í haust um slagorð fyrir keppnina sem verði haldin meðal 7. bekkinga og verði klárt í nóvember.
- Áfram er stefnt að því að ráða verkefnisstjóra, Ingibjörgu Einarsdóttur, til að halda utan um keppnina í Hafnarfirði líkt og hún hefur gert sl. 25 ár.

Athugið að Litla upplestrarkeppnin í 4. bekk verður með óbreyttu sniði og áfram í höndum Radda að annast.

Virðingarfyllst,



Vigfús Hallgrímsson, þróunarfulltrúi grunnskóla